

## 9. gr.

Sé þjónusta seld í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, skal miða við gengi hvers tíma.

## 10. gr.

Óheimilt er með hvaða hætti sem er að birta og endurprenta þau gögn sem látin eru í té skv. gjaldskrá þessari nema fyrir liggi heimild Veðurstofu Íslands.

## 11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 771/1997 með sama heiti.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 1999.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Þórður H. Ólafsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Rafhareits vegna Öldugötu 1, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 8. desember 1999, breytingu á deiliskipulagi Rafhareits vegna Öldugötu 1, sem samþykkt var 24. nóvember 1998.

Breytingin felst í:

- breyttri staðsetningu á byggingareit bílskúrs,
- breytingu á fyrirkomulagi almennra bílastæða,
- stækkun á lóð nr. 1 við Öldugötu.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 28. desember 1999.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis í Norðurbæ vegna leikskólans Norðurbergs í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 21. september 1999, breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis í Norðurbæ sem samþykkt var 26. júlí 1972.